

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1447  
komudagur 3. 3. 2003



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Alþingi  
Helga Þórisdóttir, nefndarritari  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Arnarhvoll 150 Reykjavík  
kennitala: 550169 - 2829  
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280  
netfang: postur@fjr.stjr.is  
veffang: <http://www.raduneyti.is/fjr>

Reykjavík 3. mars 2003

Tilvísun: FJR03020099/001-2/PV/--

Fjármálaráðuneytinu hefur borist bréf félagsmálanefndar Alþingis frá 19. febrúar sl. þar sem ráðuneytinu er sent til umsagnar „frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 550. mál, vinnutímatilskipun, EES-reglur“. Ráðuneytið hefur haft skamman tíma til þess að kynna sér efni frumvarpsins en það felur í sér viðamiklar breytingar einkum að því er varðar heilsuvernd starfsmanna. Efni frumvarpsins tekur til vinnumarkaðarins í heild sinni og er þar ekki gerður greinarmunur á starfsemi hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, eða einkaaðila.

## I. Almennt.

1. Nánari útfærsla í reglum og reglugerðum. Flest efnisákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir því að á grundvelli þeirra setji félagsmálaráðherra nánari reglur eða reglugerðir að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Á þetta sérstaklega við um 22.-26. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir. Efni einstakra ákvæða mun því ráðast af þeim fyrirmælum sem sett verða, t.d. ákvæði 25. gr. um þau skilyrði sem sett eru og starfsmenn innan fyrirtækja verða að uppfylla til að geta annast mat á áhættu og heilsuvernd á vinnustað. Skilyrði af því tagi sem hér um ræðir geta skipt verulegu máli um það hvernig til tekst.
2. Eldri reglur og reglugerðir. Ekki er í frumvarpinu tekin afstaða til gildandi reglna og reglugerða en ljóst er að mörg efnisákvæði eru breytt og grundvöllur reglna og reglugerða því ekki sá sami og áður. Hér má sérstaklega nefna reglur og reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli 73. gr. laga nr. 46/1980, sbr. 31. gr. frumvarpsins.
3. Hugtök. Í frumvarpinu eru notuð ýmis ný hugtök. Það getur verið til skýringar að taka þau upp í lagatextann. Hér eru sérstaklega nefnd hugtökin heilsuvernd, áhættumat og áætlun um heilsuvernd.

## II. Um einstakar greinar frumvarpsins.


1. 4. mgr. 18. gr. (51. gr. a) Rétt er að benda á að í fjárlögum er gert ráð fyrir því að Almannavarnir ríkisins verði lagðar niður og verði sérstök deild hjá ríkislögreglustjóra.
2. 25. gr. (66. gr. a). Þjónustuaðili skal vera fær um að veita heildstæða þjónustu. Þetta takmarkar með vissum hætti möguleika á að atvinnurekandi geti valið á milli þjónustuaðila sem veita ólíka

þjónustu eftir eðli starfseminnar eða að samkeppni geti ríkt á þessu sviði. Gerðar eru mjög ríkar kröfur til þjónustuaðila og sjá má fyrir sér, a.m.k. fyrst í stað, að fáir uppfylli þær ríku kröfur sem þar eru settar. Þá getur það leitt til þess að kostnaður verður meiri ef þjónustuaðili þarf að semja við undirverktaka um einstök atriði.

3. 49. gr. Í lokaákvæði frumvarpsins er gert ráð fyrir því að frumvarpið öðlist þegar gildi. Ljóst er að það mun taka tíma að setja þær reglur og reglugerðir, sem um er að ræða. Þetta á m.a. við um 22.-25. gr. frumvarpsins eins og áður segir. Einnig er ljóst að ítarleg kynning verður að fara fram á ákvæðum frumvarpsins. Það er því varla raunhæft að láta ákvæði laganna taka þegar gildi. Í því sambandi skal bent á að ákvæði laganna verða virk við birtingu og binda þá sem þau taka til frá þeim tíma. Það skiptir því miklu fyrir framgang málsins að vel verði staðið að kynningu og undirbúningi við innleiðingu hinna nýju reglna. Rétt væri því að veita ákveðinn aðlögunar- og undirbúningstíma, þannig að lögín tækju gildi eftir t.d. 7-9 mánuði.

Fjármálaráðuneytið áskilur sér rétt til að koma að frekari ábendingum ef þurfa þykir.

F.h.r.



Gunnar Björnsson / Þórhallur Vilhjálmsson